

Nr. 8/1996. Mánudaginn 14. október 1996.  
**Sjómannasamband Íslands**

**v/Sjómannafélags Reykjavíkur**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Landssambandi íslenskra útvegsmanna**

**v/Útvegsmannafélags Reykjavíkur**

**v/Ögurvíkur hf.**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Kjarasamningur. Sjómannadagur. Sektargreiðsla.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Sjómannasamband Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, kt. 670269-5669, Lindargötu 9, Reykjavík.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Ögurvíkur hf., kt. 430171-0469, Týsgötu 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að dæmt verði:

Að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu að fjárhæð kr. 531.074,- samkvæmt grein 1.40 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

*Málavextir.*

Stefndi, Ögurvík hf., er útgerðaraðili b/v Frera RE-73 og Vigra RE-71 og eru skipin gerð út frá Reykjavík. Eru undirmenn um borð

félagsmenn í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Bæði skipin voru á veiðum á sjómannadaginn 2. júní 1996 og er það viðurkennt af stefnda í málinu að því er varðar b/v Frera RE- 73 að með því hafi verið brotið gegn ákvæðum gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna og samþykkt að greiða sekt að fjárhæð kr. 265.537,- skv. gr. 1.40 í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Reykjavíkur.

Fimmta veiðiferð Vigra RE-71 hófst hinn 12. maí 1996 og lauk 16. júní 1996. Skipið var á veiðum á Reykjaneshrygg. Í næstu veiðiferð á undan, hinn 7. maí 1996, voru lögð drög að samkomulagi milli útgerðar og áhafnar skipsins um það að skipinu yrði haldið á veiðum á sjómannadaginn, enda fengi áhöfnin tveggja sólarhringa aukafrí um jólin nk. þannig að komið yrði í land kl. 12 á hádegi hinn 21. desember nk. Skjal þessa efnis var hengt upp í matsal skipverja. Undir það skrifuðu 20 af 29 manna áhöfn skipsins. Af þeim sem skrifuðu undir voru 14 um borð í skipinu í fimmtu veiðiferðinni. Einn skipverja lét af störfum í mótmælaskyni vegna þessa.

Í málinu er um það deilt hvort samkomulag hafi tekist milli útgerðar og skipshafnar um úthald Vigra RE-71 á sjómannadaginn 2. júní 1996.

Þá hefur stefnandi og kært stefnda fyrir brot á lögum um sjómannadag nr. 20/1987.

Mál þetta var þingfest hinn 8. júlí sl. og dómtekið að loknum munnlegum málf lutningi hinn 3. október sl.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. gr. laga nr. 20/1987 skuli fyrsti sunnudagur júnímánaðar vera almennur frídagur sjómanna. Í 5. gr. s.l. segir að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12:00 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Í grein 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna séu efnislega samhljóða ákvæði og í 1. gr. laga nr. 20/1987 og sé að öðru leyti vísað til umræddra laga.

Ákvæði laga og kjarasamninga séu undanþæg hvað varðar almannan frídag sjómanna að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 segir að ákvæði 1. mgr. sé frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á er-

lendan markað enda sé skipsáhöfn kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Einnig sé vikið að því í lokamálslið 3. mgr. að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar. Engar þær ástæður sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 séu fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir.

Í 3. mgr. greinar 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að ákvæði um frí um sjómannadagshelgina séu frávíkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé áhöfn skipsins kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst.

Ljóst sé samkvæmt framansögðu að stefndi hafi brotið bæði gegn ákvæðum greinar 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og gegn 1. gr. laga nr. 20/1987 með því að halda skipum sínum á veiðum á almennum frídegi sjómanna. Engar þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem heimilað hafi stefnda að víkja frá tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga um sjómannadag. Engu breyti í þessum eignum þótt stefnda hafi tekist að afla samþykkis nokkurra skipverja fyrir úthaldi skipsins á sjómannadaginn. Ljóst sé af orðalagi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 að samþykki allra skipverja þurfi. Slíkt samhljóða samþykki hafi ekki legið fyrir.

Þess er krafist að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur gegn grein 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þess er jafnframt krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.40 í fyrrnefndum kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð kr. 531.074,- sem renni í félagssjóð stefnanda, Sjómannafélag Reykjavíkur, enda feli háttsemi stefnda í sér tvö brot, annars vegar hvað varðar áhafnir á Frera RE-73 og hins vegar hvað varðar áhafnir Vigra RE-71.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi byggir á því að þar sem í gildandi kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, segi í niðurlagi 1. mgr. gr. 1.14 „að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987“, þá sé ljóst að undanþáguákvæði þau sem sé að finna í 3. mgr. 5. gr. þeirra laga, frá þeirri

meginreglu að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag, séu hluti af kjarasamningnum.

En 3. mgr. 5. gr. laganna sé orðuð svo „Ákvæði 1. mgr. eru frá-víkjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.“ Það er á þessum síðasta málslíð lagagreinarinnar sem stefndi byggir sýknukröfu sína, enda telur hann engan vafa leika á því að skilyrði þau sem fram séu sett í greininni til þess að halda megi skipi á veiðum á sjómannadag, séu fyrir hendi í því tilfelli sem hér sé fjallað um.

Svo sem fram sé komið hafi 14 af þeim 26 áhafnarmeðlimum, sem um borð voru á sjómannadag, ritað undir samkomulag þess efnis að skipið yrði úti þennan dag. Öllum öðrum skipverjum hafi verið það vel kunnugt áður en lagt var upp í veiðiferðina að til stæði að vera úti á sjó á sjómannadaginn og hefðu þeir, ef þeir væru ósáttir við þessa ákvörðun eða þyrftu að komast í land af öðrum ástæðum, möguleika á að komast í land enda hafi 3 af áhöfninni farið í land af sérstökum ástæðum og verið afskráðir hinn 30. maí 1996 og hafi því ekki verið úti á sjómannadag.

Að því er varðar hitt skilyrði málsgreinarinnar til undanþágunnar, að mikilvægir hagsmunir verði að vera í húfi, þá sé þar e.t.v. úr vandara að ráða, en frá sjónarmiði stefnda sé engin spurning um mikilvægi hagsmunanna sem í húfi voru. Á þessum tíma hafi Vigri RE-71 stundað karfaveiðar á úthafinu eða nánar tiltekið á Reykjaneshrygg og það verði að telja mikilvæga hagsmuni að geta haldið skipi, sem kostar u.þ.b. einn og hálfan milljarð króna, til veiða svo sem framast sé unnt, enda hafi sannast að afrakstur veiðiferðarinnar sem um sé fjallað í þessu máli hafi numið liðlega krónum 100.000.000,- og hásetahlutur liðlega krónum 1.000.000,-.

Það sé alveg ljóst að á þeim tíma sem löginn voru sett þá hafi engin úthafsveiði verið stunduð af hálfu Íslendinga og því ekki í huga þeirra þingmanna sem um fjölluðu. Það sé einnig ljóst þegar lög nr. 20/1987 séu skoðuð að þá sé tilgangur þeirra ekki sá að framkvæmd þeirra valdi stórtjóni. T.d. segi í 2. gr. laganna að ákvæði 1. gr. taki ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigli milli Íslands og annarra landa með þeirri undantekningu þó, að farskipið sem liggja í

Íslenskri höfn og eigi hafi látið úr höfn fyrir kl. 12:00 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi skuli eigi heimilt að láta úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Vel saminn lagatexti rúmi breytilegar aðstæður í Þjóðfélaginu og það sé einmitt það sem 3. mgr. 5. gr. margnefndra laga geri, en að sjálfsögðu geta mikilvægir hagsmunir verið breytilegir frá tíma til tíma.

Í stefnu sé fullyrt að engar þær ástæður sem um ræðir í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 hafi verið fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir. Þeirri fullyrðingu er mótmælt sem rangri því hvort tveggja hafi verið mjög mikilvægir hagsmunir í húfi fyrir útgerð og einnig áhöfn svo og hafi gilt samkomulag tekist milli útgerðar og skipshafnar um að vera úti á sjómannadag með undirskrift 14 áhafnar meðlima undir samkomulag þess efnis, auk þess sem allir aðrir skipverjar, að undanteknum einum hafi verið samþykkt því að skipinu yrði haldið á veiðum á sjómannadag.

#### *Niðurstæða.*

Í 1. mgr. greinar 1.14 í kjarasamningi aðila segir: „Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst. og telst það til innunninna fría skv. samningi þessum. Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987.“ Í 3. mgr. tilvitnaðrar greinar kjarasamningsins segir svo: „Ákvæði um frí um sjómannadagshelgina og um jól og áramót eru frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst.“ Í kjarasamningi eru ekki frekari undanþágur frá meginreglu 1. mgr. um frí á sjómannadaginn. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 um sjómannadag er ennfremur veitt undanþága frá meginreglunni „ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar.“ Fyrir liggur að Vigri RE-71 var á karfaveiðum á Reykjaneshrygg tiltekið sinn. Ekki verður talið að þær aðstæður eða almennir hagsmunir útgerðar af því að halda skipi sínu til veiða séu mikilvægir hagsmunir í skilningi greinds lagaákvæðis. Fram er komið að einungis 14 af 29

manna áhöfn skipsins undirrituðu samkomulag við útgerðina þess efnis að skipið yrði á veiðum á sjómannadaginn. Hefur stefndi því ekki sýnt fram á að samkomulag hafi tekist milli útgerðar og skips-hafnar um að vera á veiðum þann dag.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi brotið gegn gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna og ber því að dæma stefnda, Ögurvík hf., til að greiða sekt samtals að fjárhæð kr. 531.074,- samkvæmt gr. 1.40 í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Reykjavíkur. Helming sektarinnar kr. 265.537,- hefur stefndi fallist á að greiða vegna Frera RE-73.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr. og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ögurvík hf., braut gegn gr. 1.14 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi greiði kr. 531.074,- í sekt er renni í félagssjóð Sjómannafélags Reykjavíkur.

Stefndi, Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Ögurvíkur hf., greiði stefnanda, Sjómannasambandi Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, kr. 100.000 kr. í málskostnað.